



Borgarráð



Borgarráð 2018-2019, yfirlit yfir stöðu tillagna og fyrirspurna.

Í janúar sl. var verklagi breytt vegna funda borgarráðs. Breytingarnar náðu til undirbúnings, framsetningu gagna, fyrirkomulags fundanna sjálfra, frágangs og eftirvinnslu. Breytingarnar miðuðu að því að auka skilvirkni ráða og nefnda Reykjavíkurborgar með áherslu á bætt tímastjórnun og fundamenningu. Samhliða fjölgun borgarfulltrúa og þ.a.l. fjölgun áheyrnarfulltrúa í borgarráði höfðu fundir lengst töluvert og mála fjöldi stóraukist.


Skrifstofa borgarstjórnar tók að þessu tilefni saman yfirlit um fjölda mála á fundum borgarráðs og var niðurstaðan sú að ef mála fjöldi myndi haldast sambærilegur það sem eftir er kjörtímabils mætti gera ráð fyrir því að fyrirspurnir og tillögur í borgarráði yrðu allt að 1800 talsins á kjörtímabilinu 2018-2022 miðað við 429 mál kjörtímabilið á undan. Til glöggvunar má geta þess að fulltrúum með tillögurétt í borgarráði fjölgaði um tvo.

Markmiðið með þeim breytingum sem teknar voru upp voru að tryggja skilvirkni borgarráðs þrátt fyrir þennan mikla mála fjölda, stytta fundarsetu kjörinna fulltrúa til að þeir hafi aukinn tíma til undirbúnings, lesturs gagna og til að sinna mikilvægum stefnumarkandi störfum sem fram fer utan ráðsfunda. Nauðsynlegt þótti að skerpa á skilvirkni borgarráðs sem framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Útsend og birt dagskrá borgarráðs hefur verið tímasett allt þetta ár og geta ráðsmenn geta gert athugasemd við áætlaðan tíma fyrir hvern fundarlið og óskað eftir breytingu. Ráðsmenn bera sameiginlega ábyrgð á því að tímaáætlun fundarins haldist og stefna að því saman að halda tímamörk. Setuskylda embættismanna annarra en skrifstofustjóra borgarstjórnar, borgarritara og borgalögmans á fundum borgarráðs var felld niður. Kynningar hafa verið tímasettar og formaður hefur fylgst með því að tímamörk haldi.

Að beiðni formanns borgarráðs hefur skrifstofa borgarstjórnar enn tekið saman yfirlit um stöðu fyrirspurna og tillagna í ráðinu frá upphafi kjörtímabils til og með 10. október sl. Einnig hefur verið óskað eftir mati á þeim tíma og kostnaði sem fellur til í hverju máli og upplýsingar um meðalafgreiðslutíma. Samkvæmt yfirliti skrifstofunnar eru nýjar tillögur og fyrirspurnir fulltrúa í borgarráði, sem lagðar hafa verið fram á fundum ráðsins nú 543 talsins, sem er 372% aukning miðað við fjölda mála á sama tímabil á síðasta kjörtímabili.



Skipting mála eftir flokkum er eftirfarandi:



Meðalafgreiðslutími er, með auknum fjölda mála, 39 dagar fyrir afgreidd mál og 53,7 dagar ef óafgreidd mál eru tekin með. Fyrir hvert nýtt mál sem lagt er fram í borgarráði má gera ráð fyrir að lágmarki 15 mínútna umsýslu á vettvangi borgarráðs þ.e. uppsetningu málsins, skráningu, skjölun og afgreiðslu þ.m.t. ritun afgreiðslubréfs. Þegar tillögu eða fyrirspurn er vísað til vinnslu má gera ráð fyrir sama umsýslutíma við móttöku erindisins á viðkomandi fagsviði eða skrifstofu. Varla má áætla, miðað við þennan málafjölda, að á skrifstofu borgarstjórnar hafi 134 tímar eða hátt í 17 vinnudagar farið í umsýslu skrifstofunnar vegna fyrirspurna og tillagna. Til samanburðar má áætla að yfir sama tímabil síðasta kjörtímabili hafi þurft u.þ.b. 36,5 tíma, eða 4,6 vinnudaga, til að annast umsýslu tillagna og fyrirspurna. Niðurstaða óformlegrar athugunar er sú að varlega áætlað tekur það að meðaltali tvær klukkustundir að vinna svar við fyrirspurn eða umsögn um tillögu. Að meðaltali má því áætla að það liggi að lágmarki 3 vinnustundir að baki hverri tillögu/fyrirspurn þegar hún kemur til framlagningar eða afgreiðslu. Unnt er að stytta þennan tíma og draga úr umsýslu og villuhættu með því að leggja fram mál í þeim ráðum þar sem málaflokkurinn er vistaður. Vinnslutími mála getur þar að auki orðið styttri með hnitmiðuðum tillögum og skýrum afmörkuðum fyrirspurnum.

Ef tekið er mið af meðalmánaðarlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar sem vinna við umsýslu nefnda og ráða má ætla að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna fyrirspurna og tillagna í borgarráði sé varlega áætlaður að lágmarki kr. 10.500 pr. mál og kr. 4.200.000 vegna mála á tímabilinu júní 2018 - júní 2019. Kostnaður reiknaður með sömu aðferð fyrir allt kjörtímabilið 2014-2018 er kr. 4.356.000. Er þá ekki tekið tillit til þess að kostnaður er að jafnaði hærri vegna þeirra starfsmanna sem rita umsagnir og svör.

Athugið að allar tölur um kostnað og tíma eru áætlaðar, og einungis ætlaðar til að gefa borgarráðsfulltrúum grófa mynd af kostnaði við umsýslu mála í borgarráði.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar